

159

7. sept.

Sjóðurinn tekur við gjöfum gamalla nemenda Sigurðar Guðmundssonar og annarra þeirra, er heiðra vilja starf hans og minningu. Eftir daga þeirra skólameistara-hjóna, Halldóru Ólafsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar, skal enn fremur renna í sjóðinn það, sem inn hefur komið — í krónutali — fyrir bók Sigurðar Guðmundssonar „Á sal“ og lagt hefur verið í húseignina Barmahlíð 49 í Reykjavík. Afla má og sjóðnum tekna á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegan stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri til háskólanáms erlendis í heimspeki eða sálarvísindum, enda skuldbindi styrkþegi sig til þess að dveljast einn vetur á Akureyri að námi loknu og flytja erindi fyrir nemöndum Menntaskólans.

5. gr.

Vextir skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, þar til sjóðurinn nemur 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónum —, en úr því má verja  $\frac{3}{4}$  árlegra vaxta samkvæmt 4. gr. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins og varzla skal vera hjá skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og skal sjóðurinn ávaxtaður á sem tryggilegastan og arðsamastan hátt, t. d. í fasteign eða gegn fyrsta veðrétti í fasteign eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Skulu árlegir reikningar sjóðsins birtir í skýrslu skólans. Styrkur úr sjóðnum er veittur á kennarafundi, og skal hann auglýstur í skólanum með hæfilegum fyrirvara. Fastir kennarar einir hafa atkvæðisrétt um styrkveitinguna, og ræður afl atkvæða úrslitum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Menntaskólinn á Akureyri, 27. ágúst 1953.

**Þórarinn Björnsson,**  
skólameistari.

160

7. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1941, á fimmtánda starfsári Starfsmannafélags Reykjavíkur, með 1000.00 — eitt þúsund — króna framlagi frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurbæjar.

## 3. gr.

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undan-  
 þeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins. Ársreikningur sjóðsins skal  
 endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðal-  
 fundi ásamt ársskýrslu sjóðstjórnar.

160

7. sept.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 4. gr.

Sjóðinn má auka með hvers konar tillögum, en fastatekjur hans skulu vera,  
 auk vaxta af höfuðstóli, 2.00 — tvær — krónur af greiddu árstíllagi hvers félags-  
 manns, og skal það greitt sjóðnum fyrir 1. desember ár hvert. Enn fremur ágóði af  
 sölu minningar- og heillaóskaspjalda, sem sjóðstjórnin lætur gera uppdrætti að og  
 selur félagsmönnum og öðrum, sem styrkja vilja sjóðinn á þennan hátt.

Á hverju minningar- eða heillaóskaspjaldi skal tiltekið, að gjöf hafi verið afhent  
 Styrktarsjóði St. Rv., en sjóðstjórnin skal halda tvær þar til gerðar bækur, aðra  
 fyrir minningar, en hina fyrir heillaóskir, og skrá þar í nöfn þeirra, sem heiðraðir  
 hafa verið með gjöf til sjóðsins ásamt nöfnum gefenda og upphæð gjafarinnar.

## 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn, sem verða fyrir fjárhags-  
 örðugleikum vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalla innan fjölskyldu þeirra  
 eða öðru fjárhagslegu tjóni, af þeim óviðráðanlegum orsökum.

## 6. gr.

Styrkveitingar fara fram einu sinni á ári, í desember, og skulu umsóknir um  
 styrki sendar formanni sjóðstjórnar fyrir 15. nóvember ár hvert. Sjóðstjórnin lætur  
 í té eyðublöð fyrir styrkumsóknir. Útbýting styrksins fer fram eigi síðar en um  
 miðjan desembermánuð.

Óráðstafað styrkveitingafé leggist árlega við höfuðstól.

## 7. gr.

Til styrkveitinga er heimilt að verja allt að helmingi fastra tekna sjóðsins á  
 árinu, þar til sjóðurinn nemur kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónum —, en síðan  
 allt að þremur fjórðu hlutum fastra tekna.

Árleg tillög og gjafir, sem ekki eru tilgreind í 4. gr. þessarar skipulagsskrár,  
 reiknast ekki til fastra tekna sjóðsins.

## 8. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, sem kosnir eru á aðalfundi St. Rv. til þriggja ára  
 í senn, og skal einn ganga úr eftir hlutkesti á ári. Stjórnin skiptir sjálf með sér  
 verkum.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.